

Bankar og fjármálamarkaðir HAG5211F

Kennari: Ásgeir Jónsson

Lokapróf 2010, þriðjudaginn, 4. maí, 09:00-12:00
Einu leyfilegu hjálpargögnin eru skriffæri og reglustika.

Hluti I . Skilgreiningar

Svarið stuttlega eftirfarandi spurningum og skilgreinið eftirfarandi hugtök, ásamt því að lýsa þýðingu þeirra. Veljið fimm af átta. (30%).

(Athugið tímatakörk. Miðað er við að ekkert svar taki lengri tíma en 11 mínútur)

- A. Merchant Banking
- B. Tobin's Q
- C. Lögmál stórra talna (the law of large numbers)
- D. Breiddarhagræði (economies of scope)
- E. Veltubók banka (proprietary trading)
- F. Náttúrulegt raunvaxtastig (natural rate of interest)
- G. Tier I eiginfjárflokkur
- H. Vaxtasvörunarregla (interest feedback rule)

Hluti II . Fræðilegur skilningur

Svarið tveimur af eftirfarandi spurningum - A, B eða C. Hver spurning hefur 35% vægi.

A) Viðskiptabankar, fjárfestingabankar og bankþjónusta

- I. Viðskiptabankar og fjárfestingabankar stunda fjármálalega milligöngu (e. Financial Intermediation). Þeir nýta báðir yfirburði sína í söfnun fjárhagslegra upplýsinga er gerir þeim kleift að takast á við þau vandamál er fylgja ósamhverfum upplýsingum (asymmetric information). Lýsið því með fræðilegum hætti A) í hverju milligangan er fólgin, B) með hvaða hætti bankarnir komast yfir þessar mikilvægu upplýsingar og C) hvernig þeir ná að fényta þær. Hvað eiga þessar tvær tegundir bankastarfsemi sameiginlegt og hvað skilur einkum á milli þeirra hvað varðar A) fjármögnun, B) tekjusköpun, C) launastefnu, D) viðskiptavini og E) meðferð upplýsinga innan og utan bankans. Er hægt að líta á fjárfestingabanka og viðskiptabanka sem samkeppnisaðila eða eru verksvið þeirra afmörkuð?
- II. Lengi vel voru fjárfestingabankar stofnanir með fremur lítinn efnahagsreikning og fókus á miðlun fjármálaeigna. Á síðari áratugum hefur fjárfestingabankastarfsemi orðið umfangsmeiri þar sem bankarnir hafa stækkað og stofnað ný tekjusvið, s.s. eignastýringu, veltubók, afleiðusmið og svo framvegis. Farið yfir þessa þróun. Hvaða stærðar- og breiddarhagræði (economies of scale and scope) hafa rekið þessa þróun áfram? Er hægt að rekja vöxtinn til sérstakra aðstæðna á fjármálamörkuðum? Hvernig hefur áhættutaka og tekjusamsetning bankana breyst í kjölfar þessarar stækkunar? Hvaða kosti og galla hefur stækkun falið í sér? Má færa rök fyrir því að þessi vöxtur hafi gengið of langt?
- III. Alhliða bankar (universal banks) eru þær stofnanir nefndar sem stunda bæði fjárfestingabanka og viðskiptabankastarfsemi. Lýsið þeim kostum og göllum sem slík samþætting felur í sér fyrir A) rekstur bankanna sem einstakra stofnana, B) fjármálastöðugleika og C) reglun á fjármálamarkaði. Fjallið einnig um hugmyndir um að aðskilja fjárfestingabankastarfsemi og viðskiptastarfsemi. Hve raunhæfar eru slíkar hugmyndir við núverandi aðstæður á lánsfjármörkuðum og hvaða rök væri helst hægt að færa fyrir þeim?

Ræðið stuttlega um það hverju það hefði breytt fyrir íslensku bankanna – uppgang, hnignun og fall ef þeir hefðu verið hreinir fjárfestingabankar. Nefnið að minnsta kosti fimm atriði.

B) Hagstjórnarreglur og hagstjórn

- I. „*Rules rather than discretion: The Inconsistency of Optimal Plans*“ er heiti á frægri grein eftir þá Finn Kydland og Edward Prescott er birtist árið 1977. Þar færðu tvímenningarnir rök fyrir því að yfirvöld ættu ávallt að binda hendur sínar í hagstjórn við fyrirfram ákveðnar reglur. Það ættu þau fremur að gera en hafa sveigjanleika til þess að bregðast við hverjum vanda sem upp kemur með „optimal“ hætti. Skýrið kjarnan í röksemdafærslu þeirra Kydland&Prescott.
- a) Lýsið því með fræðilegum hætti af hverju hagstjórnaryfirvöld eiga að binda hendur sínar og hvaða vandamál fylgja sveigjanleika og frelsi til athafna? Getur þessi vandi skapast þrátt verðbólga fari ekki úr böndunum og hvernig þá?
 - b) Hver eru tengslin á milli hagstjórnarreglna annars vegar og nafnverðsакkeris í peningamálastjórnarinnar hins vegar? Fela öll nafnverðsакkeri í sér hagstjórnarreglu og fela allar hagstjórnarreglur í sér nafnverðsакkeri?
 - c) Skýrið hvað átt er við þegar talað er um verðbólguþakmið sem „constrained discretion.“
- II. Hagfræðingurinn Milton Friedman stakk upp á því að Seðlabankinn yrði lagður niður og þess í stað yrði tekin upp sú hagstjórnarregla að vöxtur peningamagns yrði látinn vaxa með föstum hraða sem væri jafn langtímhagvexti. Fjallið um þessa tillögu Friedmans.
- d) Á hvaða fræðilegu undirstöðu byggir regla hans varðandi tengsl peningamagns og verðlags og notkun peninga í hagkerfinu. Hvaða forsendur eru gefnar um tengsl peningamagns og nafnvaxta? Hvert væri stýritæki (policy instrument), stefnuviðmið (operating target), millimarkmið eða nafnverðsакkeri (intermediate target) og lokamarkmið (policy goal) fyrir reglu Friedmans.
 - e) Að hve miklu leyti væri reglan lausn á verðbólguþakmið? Hvaða kosti og ókosti myndi þessi regla fela í sér hvaða varðar trúverðugleika, sveifluþakmiðun í efnahagslífinu og stöðugleika í verðlagi og vöxtum? Hvernig hefur regla Friedmans reynst í framkvæmd? Hefur hún komið að notum í einhverju formi við að ná niður verðbólgu og þá með hvaða hætti? Hefur hún brugðist og þá með hvaða hætti.

- II. Þrátt fyrir að það sé nú almennt viðurkennt að peningamálastjórnun eigi að vera bundin reglum þá hafa Seðlabankar reynt að viðhalda „discretion“ – eða „uppbyggilegri óvissu“ hvað varðar lánveitingar sínar til þrautarvara. Skýrið ástæður fyrir því af hverju Seðlabankar hafa ekki viljað reglubinda lánveitingar til þrautarvara. Er þetta í samræmi við reglur Bagehot um slíkar lánveitingar? Hefur kerfisbundin lausafjárskortur frá árinu 2007 orðið til þess að neyða Seðlabanka heimsins til þess að breyta um kúrs í þessu og reglubinda lán til þrautarvara? Lýsið því í stuttu máli hvernig að Seðlabankinn fór frá því vera „lender of last resort“ til þess að vera „lender of first resort“.

C) Lausafjárrísa, peningamagn og peningaprentun

- I. Lýsið kenningum um fjármálalega hröðun (financial accelerator) – um tengsl vaxtahækkana, veðsetningar og áhrifa af peningamálastefnu seðlabankans. Hvernig er hægt að útskýra fjármálalega hröðun út frá líkönum um fjármagnsskömmun? Að hve miklu leyti gefur sú nálgun aðra sýn á miðlun peningamálastefnunar og bit stýrivaxta seðlabankans en hefðbundnar forsendur um hlutleysi peningamagns. Rannsóknir víða um heim hafa sýnt mikla fylgni á milli eignaverðs og peningamagns. Er hægt að skýra þá fylgni annars vegar með líkönum um fjármagnsskömmun og hins vegar hefðbundnum (og Keynesískum) kenningum um lausafjárþörf fólks?
- II. Þegar fjármálakreppan hófst í ágúst 2007 fólust fyrstu einkennin hennar í því að bilið á milli millibankavaxta (LIBOR) og stýrivaxta Seðlabanka (Repo) tók gríðarlegt stökk og samhliða skapaðist gríðarlegur söluprýstingur á hlutabréfamarkaði. Lýsið því í stuttu máli frá hverju þessi einkenni stafa og af hverju þau geta talist boðberar válegra tíðinda. Ef litið er á bilið á milli millibankavaxta og stýrivaxta sem stefnuviðmið (operating target) hvað skilaboð gefur breikkun bilsins til Seðlabankans? Má líta svo að Seðlabankar heimsins hafi tekið að nota peningamagn í vaxta sem stýritæki? Lýsið því hvaða möguleika seðlabankinn hefur til þess að auka peningamagn í umferð og hvernig að skuldabréfaútgáfa ríkisins og veðkröfur á viðskiptabanka tengjast peningaprentun bankans.

III. Á neðangreindri mynd sést þróun peningamagns (M3) sem hlutfall af landsframleiðslu á árunum 1960-2009. Allt frá árinu 1980 hefur hlutfall peningamagns af landsframleiðslu farið hækkandi með nokkuð jöfnun og stöðugum leitnivexti allt fram til 2003 en þá skýst þetta hlutfall upp. Hvernig er hægt að skýra þessa miklu aukningu á árunum 2003-2009 samkvæmt kenningum hagfræðinnar með tilliti til...

- a) ... lækkun bindiskyldu úr 4% í 2% árið 2003
- b) ... gríðarlegri hækkun eignaverðs árunum 2004-2007
- c) ... mikilli aukningu erlendra endurlána bankanna
- d) ... aukinni lausafjárþörf almennings eftir að fjármálakrísan hófst 2007

Hvað segir myndin um þróun veltuhraða (velocity)? Hvaða skýringar er hægt að nefna um hækkun/lækkun veltuhraðans á tímabilinu. Hvernig er þetta hlutfall líklegt til þess að þróast í framtíðinni? Hverju er hægt að spá fyrir um verðbólgu þegar litið er til framtíðar út frá þessu hlutfalli peningamagns af landsframleiðslu?

